

Hverfisráð Raufarhafnar 28.4.2020 kl 17:00 Mættir voru Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir, Bergdís Jóhannsdóttir, Kristinn Hrannar Hjaltason, Kristjana Bergsdóttir sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Nanna Höskuldsdóttir verkefnisstjóri.

Dagskrá:

1. **Hreinsunardagur.** Dagsetning er ákveðin 23. maí. Nanna mun sjá um að auglýsa hreinsunardaginn, og hvetja íbúa til að nýta maí til að hreinsa í kringum sig í þorpinu öllu.
2. **Íþróttahús.** Ennþá eru öll mál er varða íþróttamiðstöðina í lausu lofti og svör við fyrirspurnum hafa verið óljós. Hverfisráð gerir sér fyllilega grein fyrir stöðunni í þjóðfélaginu vegna Covid-19 en telur það ekki vera boðlegt lengur að afstaða verði ekki tekin í málinu. Það er að mati hverfisráðs betra að vera komin með niðurstöðu í því hvernig opnunartími á að vera og verði því þá frekar breytt aftur ef tilmæli landlæknis segja annað.  
Óskað er eftir formlegum svörum við eftirfarandi spurningum:
  - Hvernig verður opnunartíma háttað í sumar?
  - Hvernig verður opnunartíma háttað á komandi vetri?  
*Verður tekið tillit til óska heimamanna um opnunartíma?*
  - Hvaða dag verður framkvæmdum lokið í húsinu og vatn komið í laugina?
  - Þar sem börn komust ekki í Lund í sundkennslu þetta vor spyrjum við: hvort lögboðin sundkennsla verði í boði hér á Raufarhöfn, það sem eftir lifir skólaárs?
3. **Félagsheimili.** Fyrir lá í síðustu fjárhagsáætlun að vinna ætti í kvenna- og herrasnyrtingu Félagsheimilisins. Hvenær stendur til að fara í þessar viðgerðir/framkvæmdir?
4. **Breiðablik.** Hverfisráð fer fram á að svör fáið hið fyrsta, vegna erindis Hólmsteins Helgasonar ehf, vegna kaupa á Breiðablik, húsnæði sem hefur hýst starf eldri borgara á Raufarhöfn. Málið hefur verið tekið fyrir hjá ýmsum nefndum innan stjórnkerfis Norðurlþings síðan í febrúar en enn hafa aðilar málsins hér á Raufarhöfn ekki fengið boð um fund eins og lofað var, og engin formleg afstaða tekin í málinu.
5. **Almennt um framkvæmdir:** Hverfisráð óskar eftir uppfærðum verkefna- og framkvæmdalista vegna viðhalds og framkvæmda á Raufarhöfn fyrir árið 2020 og leggur áherslu á fyrri ítrekanir um að reynt verði eftir fremsta megni að finna heimamenn í verkin ef þess er nokkur kostur.
6. **Vegaskemmdir í þorpinu.** Í óveðrinu í desember síðastliðnum skemmdist vegurinn við Höfðabraut talsvert vegna sjóágangs, hverfisráð óskar eftir að þetta verði lagað.

Fundi slitið kl 18:30

Kristjana Bergsdóttir  
Bergdís Lina Jóhannsdóttir.  
Ingibjörg H. Sigurðard. K.M